

FW: Breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp vegna laga og reglugerða um mat á umhverfisáhrifum

Til : Gísli Halldór Halldórsson Helga María Pálsdóttir Signý Harpa Hjartardóttir
Frá : Afgreiðsluborð #2 Ráðhús Móttaka
Heiti : FW: Breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp vegna laga og reglugerða um mat á umhverfisáhrifum
Málsnúmer : 1911022
Málsaðili : Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skráð dags : 02.12.2019 11:45:59
Höfundur : Vigdís Häsler

Viðhengi [image002.jpg](#)[image002.jpg](#)
[image003.png](#)[image003.png](#)
[image001.gif](#)[image001.gif](#)



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Þjónustufulltrúi
afgreiðsluborði 2
Póstur: radhus@arborg.is
Sími: 480 1900

Ráðhús Árborgar / Austurvegi 2 / 800 Selfoss / Sími 480 1900 / Fax 480 1901

From: Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir
Sent: mánudagur, 2. desember 2019 11:37
To: Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir
Subject: Breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp vegna laga og reglugerða um mat á umhverfisáhrifum
Importance: High

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur birt í Lögbirtingablaði á vef Stjórnartíðinda, tvær reglugerðir sem settar eru á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum, [nr. 106/2000](#) sem breytt var með [lögum nr. 96/2019](#) (tóku gildi 1. september 2019 vegna innleiðingar á [XX. viðauka tilskipunar 2014/52/ESB](#)). Annars vegar er um að ræða [reglugerð nr. 1069/2019](#), um (2.) breytingu á reglugerð nr. 660/2015, um mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar er um að ræða [reglugerð nr. 1068/2019](#), um (1.) breytingu á reglugerð nr. 772/2012, um framkvæmdaleyfi.

Með breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum sl. vor kom inn viðbót við ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, n.t.t. í 3. másl. greinarinnar, svohljóðandi:

□

[Sveitarstjórn tekur ákvörðun skv. 6. gr. um hvort framkvæmd, sem háð er framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og tilgreind er í flokki C í 1. viðauka við lög þessi, skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Undanskildar eru þó framkvæmdir sem háðar eru leyfi

□ Mannvirkjastofnunar, sbr. 2. mgr. [Sveitarstjórn skal í samþykkt sveitarfélagsins, sbr. [42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011](#), fela skipulagsnefnd eða öðrum aðila innan stjórn-sýslu sveitarfélagsins töku fullnaðarákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili.]^{3) 2)}

Í skýringum í [greinargerð](#) með breytingarlögunum á bls. 21 segir:

„Frumvarpið er talið munu geta haft áhrif á stjórn-sýslu sveitarfélaga þar sem gerð er sú krafa til sveitarstjórna að þær feli skipulagsnefnd eða öðrum aðila innan stjórn-sýslu sveitarfélagsins að taka fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili. Ekki er hér þó um íþyngjandi kröfu að ræða og hafa ber í huga að þetta ákvæði snertir aðeins framkvæmdir í flokki C skv. 1. viðauka við lög nr. 106/2000.“

Í skýringum í [greinargerð](#) við ákvæði 4. gr. með breytingarlögunum í 2. efnisgrein á bls. 23 segir jafnframt:

„Í b-lið 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 3. mgr. 4. gr. laganna sem fjallar um hlutverk sveitarstjórnar. Lagt er til að við ákvæðið bætist nýr málslíður þar sem kveðið verður á um að sveitarstjórn skuli í samþykkt sveitarfélagsins, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. [138/2011](#), fela skipulagsnefnd eða öðrum aðila innan stjórn-sýslu sveitarfélagsins töku fullnaðarákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili. Samkvæmt framangreindu er sveitarstjórn ekki heimilt að taka ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar ef það er sjálft framkvæmdaraðili. Byggist tillagan á ákvæði 9. gr. a tilskipunar [2011/92/ESB](#) eins og henni er breytt með tilskipun [2014/52/ESB](#). Í 25. gr. aðfaraorða tilskipunar [2014/52/ESB](#) kemur fram að í þeim tilvikum þegar stjórnvöld fara með ákvarðanir á grundvelli tilskipunarinnar en eru jafnframt framkvæmdaraðilar skuli aðildarríki tryggja aðskilnað á milli þeirra starfssviða til að hlutleysi verði tryggt og ekki verði hagsmunaárekstrar. Um þetta atriði hefur verið fjallað hjá Evrópudómstólnum í máli C-474/10. Fyrirmynd ákvæðisins er að finna í 6. gr. skipulagslaga, nr. [123/2010](#), þar sem sveitarstjórn er veitt heimild til að ákveða sjálf fyrirkomulag á töku ýmissa fullnaðarákvarðana sem taka þarf á grundvelli skipulagslaga eins og afgreiðslu deiliskipulagsáætlana og útgáfu framkvæmdaleyfa. Ljóst er að sveitarfélög eru misvel í stakk búin að tryggja aðskilnað þann sem tilskipunin fer fram á um að ekki sé sami aðili hjá sveitarfélagi sem tekur ákvörðun um matsskyldu og undirbýr framkvæmd. Rétt er því talið að sveitarstjórn ákveði í samþykkt að annar aðili innan stjórn-sýslu sveitarfélagsins taki ákvörðun um matsskyldu þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili. Í því felst að ekki verður heimilt fyrir sveitarstjórn að taka slíka ákvörðun. Búast má við að sveitarstjórn muni í flestum tilvikum fela skipulagsnefnd töku slíkrar ákvörðunar þar sem skipun hennar er lögbundin en einnig geta aðrir aðilar komið til greina í því sambandi.“

Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 66/2015, eins og henni hefur nú verið breytt með reglugerð nr. 1069/2019, að teknu tilliti til þess sem að framan hefur verið rakið, nú svohljóðandi:

„3. gr.

Við 6. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórn skal í samþykkt sveitarfélagsins fela skipulagsnefnd eða öðrum aðila innan stjórn-sýslu sveitarfélagsins töku fullnaðarákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið er sjálft

framkvæmdaraðili, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.“

Að öllu framangreindu virtu hvetur Samband íslenskra öll sveitarfélög, þar sem við á, að laga samþykktir sínar í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. sambandsins,



Vigdís Háslér

lögmaður, LL.M.

Beint innval: 515 4911

Netfang: vigdis@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.